



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	13. desember 2023	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Föstudaginn 8. Desember kl 16:30 gaf veðurstofan út nýtt hættumat fyrir svæðið í kringum Grindavík og Svatsengi.

Frá Veðurstofu 13. Desember 2023

Vegna umræðu í tengslum við íbúafundi með Grindvíkingum í gær, virðist vera uppi sá misskilningur að Veðurstofan sé ekki með náttúruvársérfræðing á vakt á kvöldin og að næturlagi.

Því er mikilvægt að áréttu að á sólarhringsvakt Veðurstofunnar er að öllu jafna tveir náttúruvársérfræðingar á vakt að degi til og einn náttúruvársérfræðingur á kvöldin og næturna sem vaktar allt landið, auk bakvaktar. Það fyrirkomulag hefur verið til staðar um árabil á Veðurstofunni. Í stórum atburðum fjölgar Veðurstofan sérfræðingum á sólarhringsvakt tímabundið svo að eftirlit væri fullnægjandi hvað varðar viðbragðstíma.

Íbúðafundur var haldinn með Grindvíkingum í gær 12. desember. Var fundurinn vel sóttur. Farið var yfir stöðu mála í garðhræringunum og var endurtekið að land rís enn við Svartsengi og eru líkur á öðru kvikuhlaupi og einnig eldgosi.

Atburðarrásin og umfang umbrotanna, þegar kvika hljóp frá Svartsengi og myndaði kvikugang sem liggur nú undir Grindavík, hafa gerbreytt forsendum Veðurstofunnar þegar kemur að vöktun Grindavíkur og Svartsengis. Veðurstofan vaktar alhliða náttúrvá allan sólarhringinn alla daga ársins og hefur gert um árabil. Þessi nýjasta atburðarrás á Reykjannesskaga kallar hins vegar á mun umfangsmeiri vöktun þegar kemur að eldgosavá

Umbrotahrinunni sem hófst með landrasi við Svartsengi í október er ekki lokið.

Frá veðurstofu 8. Desember

Land heldur áfram að rísa á sama hraða og síðustu daga. Á meðan að kvika heldur áfram að safnast fyrir við Svartsengi eru líkur á öðru kvikuhlaupi sem gæti endað með eldgosi. Ef til kvikuhlaups kemur er líklegast að kvikan hlaupi aftur inn í kvikuganginn sem myndaðist 10. nóvember. Líklegasti upptakastaður eldgoss er norður af Grindavík í átt að Hagafelli og svæðinu við Sundhjúksgíga.

Ekki er hægt að fullyrða neitt um hvenær næsta kvikuhlaup verður og gæti það hafist með skömmum fyrirvara. Óvissan um tímasetningu er mjög mikil og kvikuhlaup gæti orðið á næstu dögum eða mögulega eftir marga mánuði.



Skjálftavirkni hefur haldist nokkuð jöfn síðustu daga. Stærsti skjálftinn sem mælst hefur síðustu 3 daga er 2,3 að stærð, en flestir skjálftanna eru í kringum 1 að stærð, alls 30 skjálftar.

Nýtt hættumatskort hefur verið gefið út. Kortið sýnir mat á hættum sem eru til staðar og nýjum hættum sem gætu skapast með litlum fyrirvara innan tilgreindra svæða.

Eingöngu er lagt mat á hættu innan þessara svæða, en hættur geta leynst utan þeirra.

Aðstæður innan og utan svæðanna geta breyst með litlum fyrirvara.

Kortið verður uppfært reglulega og ræðst af því hver þróun virkninnar verður.

Hættumatskort má finna aftast í stöðuskýrslunni og hér:

https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_8des.png

Opnað hefur verið fyrir að ákveðnir starfsmenn Bláa Lónsins og Northern Lights inn hafi heimild til þess að fara á svæðið til að sinna viðhaldi, eftir atviku öðrum störfum.

Aðgengi að svæðinu

Uppfært 13. desember: Ákveðið hefur verið af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum að íbúar fái að vera í Grindavík til kl 21:00 eins og þau sem vinna í fyrirtækjum. Ekki er talið óhætt að leyfa íbúum að gista í bænum í desember. Staðan verður endurmetin í byrjun næsta árs.

Uppfært 11. desember: Hægt er að sækja um leyfi fyrir starfsmenn Bláa lónsins og Northern light inn til að aka Grindavíkurveg að vinnustað og tilbaka.

Aðgengi að Grindavík er stýrt af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum en í dag er opið fyrir íbúa frá kl. 7 á morgnana til kl. 17 síðdegis. Fyrirtæki geta hafið starfsemi kl. 7 en þurfa að hætta starfsemi kl. 21. Fyrirtæki geta hafið rekstur þar sem lagnakerfi eru í lagi en unnið er að því að koma þessum kerfum í lag. Eigendur fyrirtækja þurfa að huga að þessu sérstaklega áður en starfsemi getur hafist á ný. Þeir hafi eigin viðbragðsáætlanir klárar fyrir sitt fólk. Fjölmiðlar hafa aðgang að Grindavík til kl. 21 daglega. Íbúum og starfsmönnum fyrirtækja verður ekki fylgt inn á svæðið en björgunarsveitir verða í viðbragðsstöðu víða um bæinn. Það sama gildir fyrir fjölmiðlafólk. Óviðkomandi er bannaður aðgangur. Bílar verða taldir inn og út af svæðinu. Fyrri rýming er eftir kl. 17 og sú seinni eftir kl. 21.

Beiðnir frá Ferðaþjónustunni.

Uppfært 13. desember.

Enn hefur ekki borist svar frá Almannavörnum þrátt fyrir ítrekanir.



Eftir samtal við Áfangastaðinn Reykjanes í gær óskaði Ferðamálastofa eftir að lokunarpóstur á Suðurstrandarvegi yrði færður frá gatnamótum Krísuvíkurvegur og Suðurstrandarvegur að afleggjara að Selatöngum. Með því myndu eftirfarandi áfangastaðir opnast almenningi og ferðamönnum:

- Krísuvíkurbjarg
- Húshólmi
- Selatangar
- Katlahraun

Erindinu hefur ekki verið svarað ennþá þrátt fyrir ítrekanir.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099

